

Mosfellsbær  
Kristinn Pálsson  
Þverholti 2  
270 Mosfellsbær

Reykjavík 18. mars 2020  
UST202002-478/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Breyting á deiliskipulagi – Hestaíþróttasvæði á Varmárbökkum - Mosfellsbær**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar er barst 27. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir hestaíþróttasvæðið á Varmárbökkum í Mosfellsbæ.

Í greinargerð kemur fram að megin innihald breytingarinnar er fjölgun lóða og byggingarreita fyrir hesthús með annarsvegar þéttingu innan svæðisins og hins vegar viðbótum á jöðrum núverandi byggðar. Auk þess kemur fram að tillagan gerir ráð fyrir færslu, hliðrun og viðbótum vega, reiðstíga og aðbúnaðar á svæðinu til að bæta aðgengi og auka umferðaröryggi.

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið, sem tillagan nær til, liggur að friðlandinu Varmárósum.

Varmárosar voru fyrst friðlýstir árið 1980 sem friðland og var friðlýsingin endurskoðuð árið 2012. Markmið friðlýsingarinnar er að vernda og viðhalda fitjasefi (*Juncus gerardii*) og búsvæði þess sem og náttúrulegu ástandi votlendis Varmárósa ásamt sérstöku gróðurfari sem þar er. Friðlýsingin á einnig að tryggja rannsóknir og vöktun á lífríki svæðisins og treysta útvistar-, rannsókna- og fræðslugildi svæðisins. Við endurskoðun friðlýsingarinnar 2012 var samningur um vernd villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bern 1979), samningur um líffræðilega fjölbreytni (1992) og stefnumörkun stjórnvalda, höfð til hliðsjónar.

Samkvæmt gildandi aðalskipulagi Mosfellsbæjar er gert ráð fyrir reiðstíg um friðlandið.

#### **Áhrif á aðliggjandi svæði**

Umhverfisstofnun bendir á að í 5.4.1 gr. skipulagsreglugerðar 90/2013 segir að við gerð deiliskipulags skuli meta líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti áætlunarinnar sjálfrar, svo sem á vistkerfi, auðlindir,

landslag, ásýnd, útsýni, hljóðvist, loftgæði, hagkvæmni, veðurfar, varðveislugildi og svipmót byggðar og einstakra bygginga o.fl. umhverfisþætti eftir því sem efni skipulagsins gefur tilefni til.

Þar sem tillagan gerir ráð fyrir fjölgun lóða og byggingarreita fyrir hesthús bendir Umhverfisstofnun á mikilvægi þess að fjallað sé um hvort tillagan hafi í för með sér neikvæð áhrif á friðlandið.


### Varmárosar

Umhverfisstofnun bendir á mikilvæði þess að fjallað sé um í tillöggunni hvort framkvæmdir utan friðlandsins geti á einhvern hátt haft áhrif á friðlandið. Skv. 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði.“



Virðingarfyllst

Axel Benediktsson  
sérfræðingur



Björn Stefánsson  
sérfræðingur